

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. apríl 2005  
Tilv. 2005040097/0.2

### Efni: Um 241. mál - sala áfengis

Visað er til bréfs hv. allsherjaruefndar Alþingis dags. 8. apríl 2005.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) tekur ekki afstöðu til þess, hvernig haga skuli dreifingu áfengis í landinu. Umsögn verslunarinnar takmarkast við, að hverju þurfi að huga, áður en hv. Alþingi metur, hvort samþykkja skuli þær tillögur, er fram eru komnar í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

ÁTVR hefur nýverið birt ársskýrslu um rekstur 2004. Á bls. 38 í skýrslunni kemur fram að ÁTVR seldi tæpa 16 milljónir lítra áfengis. Þar af voru um 700 þús. lítrar af sterku áfengi eins og það er skilgreint í frumvarpi því, sem hér er um fjallað. Sterkt áfengi er því um 4,4% af því magni sem ÁTVR dreifir. Skv. ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir að allt að 95,6% af áfengum drykkjum yrði dreift utan verslana ÁTVR.

ÁTVR rekur nú 45 vínbúðir auk netverslunar. Vínbúðirnar eru mjög misjafnar að stærð og er vöruval frá 100 sölutegundum í 2000 tegundir. Samkvæmt ákvæðum laga ber að selja vörur ÁTVR á jafnaðarverði um land allt. Næsta ljóst er að yrði sala ÁTVR eingöngu bundin við "sterkt áfengi" er ekki forsenda til rekstrar fleiri en 1 - 2 verslana, sem eðli máls samkvæmt yrðu á höfuðborgarsvæðinu.

#### Um 1. gr.

Visað er til þess sem að framan greinir um skiptingu sölu ÁTVR í "sterkt áfengi" og annað áfengi. Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að ÁTVR hafi heimild til að dreifa áfengi, sem í er minna en 22% af vínanda, í vínbúðum sínum samkvæmt samningum við birgja. Í greinargerð er ekki skýrt hvers konar heimildir birgjar eigi að veita fyrirtæki ríkisins til athafna. Ekki er heldur skilgreint hvað felist í orðinu "birgir". Hefðbundin notkun þess hjá ÁTVR er birgir sá er selur fyrirtækinu vörur til endursölu og samkvæmt gildandi reglum getur birgir verið hvaðan sem er úr veröldinni. Skýrt þarf að koma fram, um hvað ÁTVR eigi að semja við birginn.

Skv. ákv. 2. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak nr. 63/1969 hefur ÁTVR heimild til að flytja inn áfengi. Heildsalar áfengis hafa nokkrum sinnum véfengt rétt ÁTVR til slíkrar starfsemi og borið ágreiningsefnið undir úrskurðaraðila samkeppnismála. Í öllum tilvikum varð niðurstaðan sú að ÁTVR voru sett slík skilyrði um aðgreiningu samkeppnisrekstrar og einkasölu, að hagkvæmnisástæður leiddu til að ÁTVR hætti alfarið innflutningi, þrátt fyrir ótvíræðar heimildir laga. ÁTVR telur næsta ljóst að sama staða muni koma upp milli þeirra, sem leyfi hafa til sölu áfengis í smásölu og ÁTVR og upp

SKRIFSTOFUR

STUÐLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK

SÍMI 560 7700 FAX: 560 7757

www.vinbud.is • atvr@atvr.is

Á  
T  
V  
R

kom milli heildsala og ÁTVR. Smásalarnir muni þá krefjast glöggs aðskilnaðar milli einkasölurekstrar ÁTVR og þess rekstrar sem sambærilegur væri við þann, sem þeir hafa fullt leyfi til að stunda. Í þessu samhengi myndu einhvers konar samningar við birgja engu máli skipta. Niðurstaðan yrði sú að ÁTVR yrði að halda sig eingöngu við þær vörur, sem ótvírætt einkaleyfi fyrirtækisins næði til, og takmarka starfsemi sína við þau 4,4% vörumagns, sem ÁTVR nú dreifir.

Um 2. gr. b-lið

Vandséð er hvernig framfylgja á þeim ákvæðum að áfengi megi ekki selja undir kostnaðarverði þ.e. endanlegu innkaupsverði að viðbættum opinbernm gjöldum auk virðisaukaskatts. Í greinargerð er sagt að ákvæði þetta eigi að tryggja hagsmuni ríkissjóðs af innheimtu opinberra gjalda og koma í veg fyrir óeðlilegt undirboð.

Ákvæði það, sem hér um ræðir, virðist kalla á víðtækt eftirlit með kostnaðarverði áfengis. Nákvæmlega sama vara getur haft mismunandi kostnaðarverð eftir því af hvaða birgja hún er keypt, háð gengi sem skráð er þegar hún er flutt inn, flutningskostnaði eða tæknibreytingum. Sala á áfengum drykkjum er ekkert frábrugðin annarri verslun að því leyti að innkaup rima ekki alltaf á móti raunverulegri eftirspurn. Um nokkurra ára skeið hefur "sala á lækkuðu verði" verið næsta reglulegur þáttur í rekstri vínbúða ÁTVR. Fjármálaráðuneytið hefur heimilað ÁTVR að lækka verð á birgðum vöru sem fallið hefur úr svokölluðum kjarna, sem er aðalsöluflokkur skv. innkaupareglum ÁTVR. Þessi gjörð hefur annars vegar lágmarkað tjón ÁTVR vegna birgða sem voru lítt seljanlegar m.a. vegna ákvæða um úreldingu vöru, "best fyrir ákvæði", en hins vegar hefur tiltækið mælst vel fyrir einkum hjá þeim sem kvarta undan of háu verði á áfengi.

Um 5. gr.

Telja verður eðlilegt að mælt sé fyrir um hvernig áfengi, sem gert er upptækt til ríkissjóðs, skuli ráðstafað. Miðað við efni frumvarpsins telur ÁTVR heppilegast að varan verði seld hæstbjóðanda á uppboði. Fáist eigi boð jafnhátt áfengisgjaldi, verði vörunni eytt.

Um 10. gr.

a-liður: Vakin er athygli á að skv. ákvæðum reglugerðar um smásölu og veitingar áfengis nr. 177/1999 er nú heimilt að hafa vínbúð opna frá kl. 8:00 - 23:00. Vínbúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

c-liður: Heimildir sveitarstjórna til veitingar smásöluleyfis eru óljósar. Það er skilningur ÁTVR eftir athugun á ÍSAT-flokkun Hagstofu Íslands að ekki fengist leyfi til rekstrar ýmissa núverandi vínbúða ÁTVR yrðu þær sameinaðar rekstri samstarfsaðila ÁTVR. Rekstur allra vínbúðanna hefur þó gengið áfallalaust og öll leyfi sveitarstjórna, vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits eru til staðar.

Í 3. mgr. greinargerðar segir að á nokkrum stöðum sjái einkaaðilar nú þegar um sölu á áfengum drykkjum fyrir ÁTVR með sérstöku samkomulagi við fyrirtækið. Hið rétta er að ÁTVR rekur allar vínbúðir á Íslandi. ÁTVR er formlegur leigutaki að því húsnæði sem hýsir reksturinn og allar innréttingar þar eru eign ÁTVR. Allt bókhald er fært af ÁTVR og allt andvirði sölu skilað samtímis inn á reikninga ÁTVR sé um kortasölu að ræða en öllu lausafé skilað að kvöldi dags úr afgreiðslukössum ÁTVR inn á bankareikning ÁTVR. Verslunarstjóri vínbúðar er undantekningarlaust starfsmaður ÁTVR og háður lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og þeim fyrirmælum, sem starfsmönnum ÁTVR eru sett þ.á m.

siðareglum ÁTVR.

Á s.l. ári fóru um 20 milljarðar króna um reikning ÁTVR. Af þeirri veltu voru 68,5% hlutdeild áfengisgjalds, tóbaksgjalds og virðisaukaskatts í virði vöru að viðbættum arði ÁTVR til ríkissjóðs. Þótt hin formlega innheimta skatta sé ekki öll á hendi ÁTVR þá skiptir miklu máli hvernig með þessi verðmæti er farið. Þess verður ekki minnst að nokkru sinni hafi orðið vanskil á því fé sem ÁTVR bar að skila til ríkissjóðs eða sú rýrnun hafi orðið á vörum eða fé ÁTVR, sem ekki telst hégómi einn í samanburði við flesta þá verslun, sem upp er talin með jákvæðum formerkjum í 10. gr. frumvarpsins.


ÁTVR leggur áherslu á það hlutverk verslunarinnar að fylgja eftir lagaákvæðum um lágmarksaldur þeirra, sem kaupa áfengi. Tíðum er véfengt að þeirra ákvæða sé gætt sem skyldi en á síðari árum hefur verið unnt að sannreyna kvartanir foreldra með athugun á myndum úr öryggiskerfi og í flestum dæmum hafa foreldrar verið fullvissaðir um að börn þeirra hafi ekki verið í beinum viðskiptum við verslunina. Á þetta er bent því margoft hafa orðið þess dæmi á undanförunum árum að unglingar og jafnvel börn hafa fengið tóbak afhent í verslunum þeim, sem nú er lagt til að taki að sér að fylgjast með lögaldri kaupenda áfengis.

Áfengislögin geyma margs konar ákvæði sem ætluð eru til að hamla gegn sams konar markaðssókn og viðhöfð er með venjulega vöru. Miðað við ákvæði áfengislaga er áfengi ekki venjulega vara. Á undanförunum árum hefur mjög dregið úr afskiptum af beinum stjórnvalda áfengisauglýsingum. Þær auglýsingar hafa birst á vegum heildsala áfengis eða framleiðenda. Næsta líklegt er að beinar áfengisauglýsingar muni magnast verulega þegar sala einstakra tegunda verður ekki aðeins mál heildsala heldur fjölmargra smásala í landinu. Í þessu sambandi er vakin athygli á að skilgreining frumvarpsins á „sterku áfengi“ gerir svokallað „sódapopp“ að „léttu áfengi“ þótt þeir drykkir séu venjuleg blanda „sterks áfengis“ og gosdrykkja - kallaðir „long drinks“ á veitingahúsum. Þessir drykkir eru eftirsóttir af ungu fólki - áhrifagjörnu fyrir neysluhvatningu.

Við athugun þessa frumvarps þarf sérstaklega að lita til hvort sú nýbreytni, sem það gerir ráð fyrir, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér meiri aukningu á neyslu „sterks áfengis“ að „sódapoppi“ meðtöldu, en léttra vína.

Í greinagerð segir að ólíklegt megi telja að ríkisfyrirtæki reki verslanir með hagkvæmari hætti en einkaaðilar muni gera. Í verslunum ÁTVR er rekstrarkostnaður án vörnotkunar 9,5% af veltu. Í hvaða verslun er þetta hlutfall hagstæðara?

Virðingarfyllst,  
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins



Höskuldur Jónsson  
forstjóri

Hjál.: Ársskýrsla ÁTVR 2004